



Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

SIL 2015



Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

Hér fylgir gátlisti fyrir mótshaldara sem hentugt er að fara í gegnum þegar mót er undirbúið. Mótshaldari er það siglingfélag sem tekið hefur að sér að halda mót keppnisstjórn heldur mótið í umboði félagsins. Í þessum gátlista er tæpt á málefnum sem nauðsynlega þurfa að vera í lagi og öðrum sem gott er að hafa í huga en eiga það til að gleymast þegar siglingamót eru haldin.

Listinn byggir á reynslu keppnisstjórna og er settur saman til að læra af mistökum og bestu hefðum undanfarinna ára. Skjalið var sett saman að undirlagi stjórnar Siglingasambandsins og æskilegt að athugasemdir berist til formanns þess.

Undirbúningur

Ákvörðun

Mótaskrá er ákveðin á Siglingaþingi í febrúar ár hvert. Þar er ákveðin dagsetning móta 2 sumur fram í tímann auk þess sem ákveðið er hvaða félög sjá um mót komandi sumars.

Mótstjórn

Mótstjórn/mótanefnd er skipuð af stjórn siglingafélags. Hana má skipa fyrir einstök mót eða keppnistímabilið. Hennar hlutverk er:

- að semja tilkynningu um keppni
- finna keppnisstjórn, kærunevnd og fjölmiðlafulltrúa
- finna staðsetningu (mótsvæði)
- ákvarða keppnisgjald
- taka á móti skráninga frá keppendum
- sjá um skipulag og framkvæmd móta sem félagið heldur.
- skila upplýsingum um mótið til SÍL fjöldi keppenda og úrslit móts.

Tilkynning um keppni

Tilkynning um keppni (Notice of Race, NOR) má hugsa sem auglýsingu fyrir keppnina. Þar þurfa að koma fram allar helstu upplýsingar um keppnina. Skipulag, framkvæmd og skyldur keppenda og mótshaldara. Sjá, sniðmát í viðauka.

Tilkynningu um keppni skal vera gerð opinber mánuði fyrir keppni, hið síðasta.

Senda skal tilkynninguna til Siglingasambands Íslands (sem skjal) sil@silsport.is.

Athuga sérstaklega:

- Dagssetning
Ákvarða þarf hvaða keppnis og varadaga skuli nota.
- Staðsetning
Ákvarða þarf staðsetningu, flokka og forgjafakerfi í samræmi við þær forgjafir sem eru í notkun á landinu

Keppnisstjórn

Í keppnisstjórn þarf hið minnsta:

- Keppnisstjóra sem er framkvæmdastjóri mótsins sér um skipulag og útteilir verkefnum
- 2 aðstoðarmenn í keppnisstjórabát (með talstöð) til að sjá um ræs og tímatöku.
- Brautarmenn (1-2) á baujubát (með talstöð og vindmæli)

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

- Landshöfðingi (með talstöð) sem sér um að halda utan um mögulegt kraðak sem verður, velur í hvaða röð flotar sjósetja, telur út og telur inn. Tekur á mótí bátum við bryggju.

Nánar um starf keppnisstjórnar má lesa í viðhengi X Ekki er verra að keppnisstjórn sé merkt (t.d. með sýnileikavestum eða stökkum).

Kærunefnd

Einnig þarf að skipa þriggja manna kærunefnd sem er óháð keppnisstjórn og keppendum. Þeir sem sitja í kærunefnd þurfa að hafa þekkingu á ferli kæru og meðferð þeirra. Þeir þurfa að gæta þess að samræmis sé gætt við kærufarlið og að málsmeðferð sé réttlát.

Fjölmiðlafulltrúi

Fjölmiðlafulltrúi þarf að koma tilkynningu um keppnina til fjölmiðla með góðum fyrir vara og ítreka þegar nær dregur. Fjölmiðlafulltrúi sér um að koma myndefni og texta til fjölmiðla. Best að senda þær á tölvupósti hafa stutta og hnitmiðaða frétt ásamt úrslitum og myndum ef til eru.

Hann sér einnig um að taka á mótí þeim fjölmiðlum sem koma til að fjalla um keppnina. Veitir þeim upplýsingar og aðstoðar þá með að komast á sjó.

Keppnissvæði

Nauðsynlegt er að keppni sé á góðum stað. Vindur þarf að vera stöðugur með hentuga leggi fyrir alla flokka og auðveldlega aðlagað að öllum vindátum.

Keppnissvæði á að koma fram í tilkynningu um keppni. Sjálfar brautirnar þarf þó ekki að leggja eða kynna fyrir en í keppnisfyrirmælum.

Verðlaunagripir

Verðlaunagripir skulu merktir sæti, flokki, keppni/móti og ártali.

Keppnisgjöld - þáttökuréttur

Góð regla getur verið að rukka 1.500 – 2.000 kr. per keppenda fyrir almenna keppni og dugar það almennt fyrir verðlaunum. Ef veitingar eru í boði er eðlilegt að hækka verðið sem því nemur en gæta þó að stýra slíku í hóf. - **Þeir einir sem eru skráði félagar í siglinafélagi innan SÍL haf þáttökurétt í mótum á vegum SÍL.- Það er því nauðsynlegt að skrá alla keppendur í tíma svo tækifæri gefist til að kanna hvort þau eru skráð í aðildarfélag SÍL Skráning tels að viðkomandi sé skráður í Felix félagskerfi ÍSÍ.**

Öryggisþættir

Keppnisstjórn getur ekki þekkt getu keppenda og því fellur það á keppendur eða forráðamenn þeirra að meta hvort þeir taki þátt í keppninni. Slíka ábyrgð er heldur ekki hægt að setja í hendur á keppendum undir löfgaldri. Í kænukeppnum verður að tryggja að nægilegur fjöldi Öryggisbáta sé til staðar til að bregðast við ef t.d. ófyrirséðar breytingar verða á aðstæðum.

1. Almennt í kænum keppnum er miðað við að vindur sé að meðaltali á bilinu 4-25 hnútar (2- 13) þá er viðmið fyrir „skiff“

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

2. Í verklags og vinnureglum SÍL er reiknað með 1 öryggisbát fyrir hverja 6 báta sem eru á æfingu. Sú regla miðar við þann fjölda sem hver bátur getur höndlað í erfiðum aðstæðum.
- 3.

Kappsiglingafyrirmæli

Um kappsiglingafyrirmæli gilda 7 megin reglur:

- 1 Í þeim eru aðeins tvær tegundir af yfirlýsingu: fyrirætlanir Keppnisstjórnar og Kærunefndar og svo skyldur keppenda.
- 2 Í þeim er aðeins fjallað um keppnina. Upplýsingar um viðburði, grill, landfestar, bryggjustæði, o.fl., skal miðlað með öðrum hætti.
- 3 Í þeim ætti ekki að breyta kappsiglingareglum nema þegar það er greinilega æskilegt. (Þegar það er gert verður að fylgja reglu 86 og vísa sérstaklega til þeirrar reglu sem er breytt ásamt þeirri breytingu sem gerð er.)
- 4 Í þeim á ekki að endurtaka eða endurrita einhverja kappsiglingareglunum.
- 5 Þau eiga ekki að endurtaka sig.
- 6 Þau eiga að vera í tímaröð; það er, í þeirri röð sem keppandi mun nota þau.
- 7 Þau eiga, þegar hægt er, nota orð eða orðasambönd úr kappsiglingareglunum.

Sniðmát fyrir Kappsiglingafyrirmæli má finna í lok þess skjals

Prenta þarf út Kappsiglingafyrirmæli handa öllum þátttakendum. Það er mikilvægt að allir hafi þau skrifleg hjá sér þannig að ef vafaatriði koma upp þá geti menn flett upp í fyrirmælum.

Lengd keppna

Skynsamlegt er að haga lengd keppna eftir stærð báta og getu keppenda sem taka þátt í mótinu. Mælst er til að hefðbundin kænukeppni fari ekki undir 30 mínútur. Góð regla er að keppni sé á milli 40 og 60 mínútur sem er á pari við Ólympísk viðmið. Athugið að yngri keppendur hafa minna úthald og keppni þeirra flokka í lægri kantinum. Klukkutíma keppni fyrir hina er ágæt til að jafna út mistök keppenda sem upp koma.

Þjálfara- og áhorfendasvæði

Nauðsynlegt er að skýra sérstaklega fyrir keppni hvar þjálfara- og áhorfendabátar skulu vera á meðan keppni stendur.

Slíkt má útfæra með sérstökum baujum sem bátar skulu halda sig utan við eða ákveðinni fjarlægð neðan við neðstu merki/startlínu og meðfram braut. Algeng viðmið eru að þjálfarabátar og áhorfendur þurfi að vera 100 metra frá ráslínu og braut.

Kontaktupplýsingar keppenda

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

Mikilvægt er að vera með upplýsingar um hvernig hafa megi samband við keppendur og forráðamenn þeirra.

Brautir

Velja viðeigandi stærðir og gerðir af brautum fyrir þær tegundir báta sem taka þátt í keppninni. Brautir og skipulag keppni þarf að vera þannig að keppni sé sanngjörn og að jöfnuðar sé gætt gagnvart öllum keppendum. Eins þarf að ákvarða (hvort og þá) hver tímamörk skuli vera.

Veðurmörk

Taka skal tillit til getu og getudreifingar keppenda í ákveðnum flokkum, sér í lagi á mikilvægum mótum. Æskilegt er að þegar þjálfarar bera ábyrgð á keppendum þá séu ákvarðanir teknar í samráði við þá og þá mögulega sett skýrt skilgreind veðurmörk. Almennt fyrir kænur eru veðurmörkin 4 til 25 hnútar. Hraðskreiðir bátar eins og 49er miðast við 20 hnúta.

Búnaður

Sjá Áhaldagátlista að neðan.

Keppnisstjórnartaska

Nauðsynlegt er að keppnisstjórn hafi aðgang að þeim tækjum og tólum sem hún þarf til að halda keppni/mót. Þau siglingafélög sem taka að sér mótahald verða að gæta þess að slíkur búnaður sé til staðar og aðgengilegur.

Fána og lúður

Allir nauðsynlegir fánar þurfa að vera til staðar. Fánabendingar er þær bendingar sem gilda. (sjá búnaður)

Hljóðmerki eru nauðsynlegt að gefa hátt og skýrt, hljóðmerkin eru þó aðeins til að vekja athygli á fánabendingum. Ef nota á gaslúður gæta þess að hafa nóg gas með sér á mótstað.

Vindmælir

Vindmæli þarf til ákvörðunar um hvort veður hafi farið yfir viðmiðunarmörk.

Baujur

Ýmist er notast við færanlegar baujur og verður að gæta þess vel að þær sjáist vel og séu tryggilega festar.

Ef nota á fastar baujur skal geta þeirra greinilega í kappsiglingafyrirmælum með réttu nafni og hvorum megin skal hafa þær.

Baujur eiga að vera vel aðgreinanlegar frá öðrum nærliggjandi merkjum. Gulir belgir/fingur henta hér ákaflega vel.

Verði breytingar á braut ber að fylgja kappsiglingareglum um merkingar.

GPS tæki og áttaviti

GPS tæki er gagnlegt fyrir áreiðanlega tímasetningu og baujulagningu. Stefnur á baujur eru best ákvarðaðar með stefnuáttavita en venjulegur áttaviti gerir vissulega ágætt gagn.

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

Tímatökutæki / Klukku

Gott er að vera með góða klukku til að mæla nákvæma tímasetningu.

Skriffæri

Blöð til skrifa niður tíma, gott að setja upp dálka fyrir bátsnafn, forgjöf, sigldan tíma og umreiknaðan tíma.

Blöð til að færa inn úrslit, ef um mót með fleiri en einni keppni þarf að færa stig hverrar keppni á samantektarblað

Eyðublöð fyrir kærur

Auð blöð fyrir tilkynningar sem getur þurft að koma á framfæri á tilkynningatöflu

Penna

Myndavél eða diktafónn til að taka allt upp.

Reiknivél

Reiknivél sem tekur gráðureikning vegna þess að það þarf að vera hægt að reikna tíma í henni.

Tölva með Excel er mjög góð í útreikning á forgjöf, einnig má nota forrit eins og Sailwave.

IRC forgjöf: tími*forgjöf

PY-forgjöf: tími*1000/forgjöf

Bátar

Keppnisstjórabát

Leitast skal við að ræsa keppni alltaf frá báti til þess að ráslína sé jafngóð (non bias)

Báturinn þarf að hafa aðstöðu til að draga upp viðeigandi flögg þannig að þau séu sýnileg keppendum og auðvelt sé að taka þau niður við ræsingu.

Nauðsynlegt er að hafa aðgang að góðum báti sem veitir keppnisstjórn skjól meðan á keppni stendur.

Baujubáta

Ef leggja þarf út baujur er nauðsynlegt að hafa til þess hraðskreiðan bát t.d. slöngubát. Báturinn þarf að vera til taks til að breyta braut ef breytingar verða t.d á stefnu vinds eða vindstyrk.

Nauðsynlegt er að hafa gott samband milli baujubáts og keppnisstjórabáts, með talstöð eða síma.

Tilkynningatafla í húsi

Nauðsynlegt er að vera með tilkynningatöflu í húsi. Þar skal birta:

- Tilkynningu um keppni
- Keppnisfyrirmæli

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

- Nöfn keppenda og síma (upplýsingar um forráðamann ef keppandi er ekki sjálfráða)
- Tilkynningar frá keppnisstjórn
- Úrslit keppna
- Úrskurði kærunefndar

Framkvæmd

Skipstjórafundur

Skipstjórafundur skal halda á auglýstum tíma.

Fyrir fundinn skal gefa fulltrúum allra báta kost á að fá eintak af kappsiglingafyrirmælum. Keppendur þurfa að hafa eintak af kappsiglingafyrirmælum til að fletta upp í þeim ef vafamál koma upp.

Fara skal yfir fyrirmælin, spurningar þurfa að vera skriflegar og svör líka, og hengja upp á tilkynningatöflu þannig að tryggt sé að allir keppendur geti lesið spurningar og svör.

Matur/nesti

Æskilegt er að keppnisstjórn taki tillit til næringarþörf keppenda og það sé skilgreint í kappsiglingafyrirmælum hvenær og með hvaða hætti nestishlé verða.

Braut lögð

Sé um fastar baujur að ræða þarf ekki að leggja braut. Mælt er til að startlína/ráslína liggi þvert á vind og fyrsti leggur sé beiting. Nauðsynlegt er að ráslínan sé lögð með hliðsjón af aðstæðum og sé jafngóð heilt yfir og að hvorugur endi hennar sé öðrum framar. Þ.e. Línan sé hlutlaus og sanngjörn fyrir alla keppendur.

Áhöfn baujubáts sér um að leggja braut í samræmi við ávkæði fyrirmælanna og undir eftirliti keppnisstjóra.

Ræsing

Tala á band allt startíð og/eða skrásetja allt sem fram fer. (sbr. Viðmiðunarreglur ISAF)

Upplýsingar um lengd hljóðmerkja með hverju merki má finna í Kappsiglingareglum ISAF

Tímataka

Klukkan fer í gang fimm mínútum fyrir ræsingu samkvæmt núgildandi reglum (sex í tvíliðakeppni) nema annað sé tekið fram.

Gæta þarf að skrá tíma báta. Tími báta er skráður niður.

Varast skuli skeiðklukkur. GPS eða gamla góða armbandsúrið eru fín.

Gæta skal þess að draga frá tímann fram að ræsingu.

Útreikningur

Undirbúningur fyrir mót

Gátlisti mótshaldara

Reikna þarf tímann með forgjöf.

Leggja þarf saman stig úr umferðum.

Algengast er að nota lágstigakerfi samkv. viðauka A4 í alþjóða-reglunum

Úrslit birt

Endanleg úrslit þurfa að liggja fyrir þegar verðlaunaafhending fer fram.

Birta má úrslit með fyrirvara um kærur sem eftir er að taka fyrir.

Gott er að birta úrslit á tilkynningatöflu eftir hverja umferð móts

Úrslitum komið til SÍL

Þegar móti er lokið þarf að koma úrslitum þess til SÍL. Skila þarf fullum úrslitum til SÍL ekki aðeins efstu sætum.

Senda úrslit sem innihalda tíma úr hverri keppni ásamt áhafnalistum.

Senda á sil@silsport.is eða senda í pósti.

Viðhengi 1

Áhaldalisti keppnisstjórnar									
Braut:									
Keppni:									
Umsjónaraðili:					Sími:				
Keppnistjórnarbatúur:									
Ýmislegt:			Flögg:			Flögg:			
			Byssa eða lúður			A, frestun þar til á morgun			Svart, ræsirelga 30.3
			Skotfæri/loft			B, protest			1. substitute
			Skeiðklukka			C, breyting á braut			3. lighed., ændring i S.I.
			Áttaviti með miði			D, Klassa-flagg			AP
			Logg			E, Klassa-flagg			Ródt klasseflag (29er)
			GPS			F, "takið eftir"			Blátt klasseflag (29er)
			Radar			G, Klassa -flagg			SL 16 klasseflag
			Sjókort			H, frekari upplýsingar í landi			Orange baneflag
			VHF talstöð			I, ræsiregla 30.1			Orange flag (starting line)
						J, Klassa-flagg			Jury-flag
						K, Klassa-flagg			Blue flag
						L, tilkynning á töflu/ komið eða fylgið			
			Stefnutafla með 4 stöfum			M, í stað tapaðs merkis/bau			Skjöl:
			-/+			N, Keppni hætt			Keppendalisti
			Baneskive			O, Klassa-flagg			Dagskrá
			Kjaftakelling			P, Undirbúnings merki			Kappsiglingafyrirmæli
			Pappaspjöld			Q, Klassa-flagg			Samþykktir (reglur SÍL
			Tússpennar			R, Klassa-flagg			Klassa reglur
x			Sjónauki			S, braut stytt			Seglamerkjalisti
1			Upptökutæki			T, siglið áfram			Marklisti (þeir sem kláruðu kepp
			Gjallarhorn			U, gate/hare			Siglingaskýrslur
			Gas þokulúður			V, Klassa-flagg			Mótmæla eyðublöð
			Þokulúður			W, Klassa-flagg			Undirlag til að skrifa á
			"Stövsuger"			X, einstök endurköllun			Skrifblokk
			Upphal fyrir flögg			Y, björgunarvesti			Blýantar
			Stöng/skaft fyrir fána			Z, ræsiregla 30.2			Plast möppur
			Ankeri			þríh. veifa 1			Kappsiglingareglur ISAF á ísler
			Ankeristaug			þríh. veifa 2			Kappsiglingareglur ISAF á ensk
			Aukareipi			þríh. veifa 3			
						þríh. veifa 4			Baujur
						þríh. veifa 5			Hliðmerki (Keilur)
						þríh. veifa 6			Sívalningar, gulir/appelsínugulir
						þríh. veifa 7			Kubbar, t.d.gulir
			I1 (skilti fyrir "inner loop")			þríh. veifa 8			Netabaujur m/flaggi
			I2 (skilti fyrir "inner loop")			þríh. veifa 9			Legu-baujur
			O1 (skilti fyrir ytri hring)			þríh. veifa 0			Baujuankereri
			O2 (skilti fyrir "outer loop")						Bauju lóð
			OL1 (skilti fyrir "outer loop")						Ankeristaug
			OL2 (skilti fyrir "outer loop")						
			W2 (skilti fyrir beiting/lens)						
			W3 (skilti fyrir beiting/lens)						
			W4 (skilti fyrir beiting/lens)						